



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent á netfangið: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 8. febrúar 2021

### Efni: Umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um 344. mál

Vísað er til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis, dagsettum 22. janúar s.l. þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarps til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum (stjórnslýsla neytendamála), 344. mál. Stofnunin þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að verkefni á sviði vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði færist til HMS í samræmi við stefnu stjórnvalda að HMS verði sterkt miðlægt stjórnvald á sviði vöruöryggismála. Um er að ræða lögboðin verkefni sem Neytendastofu eru í dag falin í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, vopnalögum nr. 16/1998, lögum um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 77/2002, lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 og lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018.

Að stærstum hluta snúa verkefnin að eftirliti með ýmsum vörum svo sem með mælitækjum, öryggi leiktækja, leikfanga, persónuhlífa til einkanota, rafrettum, skoteldum og annarra almennra vara sem ekki heyra undir sérlög. Þá er gert ráð fyrir að almenn kvörðunarþjónusta sem áður var á hendi mælifræðisviðs Neytendastofu verði færð yfir til HMS tímabundið.

HMS sinnir umfangsmiklu markaðseftirliti með ýmsum vörum og vöruflokkum. Þannig hefur stofnunin með höndum eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og hefur markaðseftirlit með rafföngum samkvæmt lögum nr. 146/1996. Þá sinnir HMS markaðseftirliti með byggingarvörum á grundvelli laga nr. 114/2014 sem og vörum sem áhrif hafa á brunaöryggi samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Að endingu hefur stofnunin eftirlit með að lögboðnum kröfum um vishönnun vöru og orkumerkingum sé fullnægt samkvæmt lögum nr. 42/2009 og lögum nr. 72/1994.

HMS vill koma eftirfarandi á framfæri:

- Hjá stofnuninni er til staðar víðtæk þekking á margvíslegum kröfum um öryggi, þar starfa sérfræðingar sem um árábil hafa sinnt markaðseftirliti og HMS því vel í stakk búin að taka við þeim verkefnum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
- Verkefnin sem eiga að flytjast til stofnunarinnar falla vel að starfsemi sem mun eflast sem stjórnvald á sviði vöruöryggis.

HMS hefur farið yfir frumvarpið, stofnunin átti fulltrúa í starfshópi sem skipaður var í byrjun september 2020 til að meta nauðsynlegar lagabreytingar og tók þátt í undirbúningi lagasetningarinnar. HMS styður efni frumvarpsins og markmið þess að auka skilvirkni og hagkvæmni í þágu atvinnulífs og neytenda. Verkefni á sviði vöruöryggis, eru skyld starfsemi stofnunarinnar á sviði rafmangöryggis sem og eftirliti með byggingarvörum og hún því vel í stakk búin til þess að taka við þessum verkefnum. HMS sinnir þannig



nú þegar umfangsmiklu markaðseftirliti með ýmsum vörum og vöruflokkum. Með tilfærslunni er það von HMS að hægt sé að ná fram meiri þekkingu og betri yfirsýn yfir öryggismál og markaðsgæslu og þannig skapast aðstæður fyrir skilvirkara og markvissara eftirlit.

Með frumvarpinu er einnig ráðgert að færa kvörðunarþjónustu Neytendastofu yfir til HMS. Um er að ræða grunnþjónustu sem ætlað er að tryggja og staðfesta að mælingar séu nákvæmar og áreiðanlegar með skjalfestingu á mælifræðilegum eiginleikum tækisins. Það eru framleiðendur og aðrir úr íslensku atvinnulífi sem nýta sér kvörðunarþjónustu, sömu aðilar og stofnunin hefur eftirlit með. Vegna kröfu um hlutleysi er óheppilegt til lengri tíma litið að þjónustan og eftirlitið sé á sömu hendi. Stofnunin telur af þeim sökum brýnt, að stjórnvöld vinni áfram í samræmi við stefnu um aukið hagræði og skilvirkni, að færa verkefni í hendur faggiltra einkaaðila. Kvarðanir verði þannig í framtíðinni í formi samræmismats og að hæfum faggiltum aðilum verði falin framkvæmd þjónustunnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Herdís Hallmarsdóttir, lögfræðingur